

Mál nr. 129/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Tegund vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Orsakatengsl. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 2. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 6. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur lögmanns M, dags. 7. júní 2022.

Málsatvik.

Árekstur varð 19. júlí 2021 með bifreið M og bifreiðinni X þegar X var ekið af bifreiðastæði inn á akbraut þar sem M ók bifreið sinni og inn í hægri hlið bifreiðar sem M ók. M leitaði á Læknavaktina hinn 21. júlí 2021 og var greind með spennu og var ávísað verkja- og vöðvaslakandi lyfi. Hinn 28. og 30. júlí 2021 leitaði M til heimilislæknis og fékk þar beiðni um sjúkraþjálfun vegna stífleika í vöðvum og útlimum. Upplýsingar um fyrra heilsufar M í gögnum málsins ná aftur til ársins 2020, en í beiðni um sjúkraþjálfun kemur fram að M hafi verið á örorku vegna þunglyndis í mörg ár. M tilkynnti um líkamstjón til V með tjonstilkynningu 25. ágúst 2021. V hefur lagt fram svokallað PC-Crash skýrslu vegna árekstrursins, dags. 17. ágúst 2021.

M telur að sannað sé að hún hafi hlotið líkamstjón í árekstri við bifreið X og séu álitafni um orsakatengsl læknisfræðilegs eðlis og eigi ekki að byggja á PC-skýrslu sem lögð sé fram af V. Lögmaður M gerir einnig athugasemdir við skýrslutöku fyrirtækis sem kom á vettvang árekstrursins og samstarf þess fyrirtækis við V. Lögmaður M telur nauðsynlegt að fá upplýsingar um greiðslur til þeirra sem gera skýrslur fyrir V og hvert tjón á bifreið M hafi verið.

V telur ekki fyllilega sýnt að orsakatengsl séu á milli einkenna M og árekstrursins og vísar til þess að PC-skýrsla dags. 17. ágúst 2021 sýni að högg á bifreið M hafi verið vægt, viðgerðarkostnaður hafi verið um 260 þúsund krónur. Einnig vísar V til þess að félagið hafi samþykkt að greiða útlagðan kostnað vegna lækniskoma, lyfja og sjúkraþjálfunar á fyrstu 10-12 vikum eftir árekstur en læknisfræðileg gögn sýni ekki að varanlegar afleiðingar hafi orðið af árekstrinum. V vísar til tiltekinna atriða varðandi mat á orsakatengslum eins og eðli slyss, áverkagreiningu strax eftir slyss, hvort einkenni séu almenn eða sértæk, hvort einkenalýsingar séu samfelldar eftir slyss sem og meðferð við einkennum og hvort annað geti skýr einkenni. V telur að einkenni M sem lýst er í læknisfræðilegum gögnum séu almenn, óljóst sé hvernig þau tengjast fyrra heilsufari M þar sem ekki hafi verið lögð fram frekari gögn en aftur til ársins 2020 hvað það varðar. Einnig vísar V til dómaframkvæmdar varðandi sönnunarbyrði tjónþola þegar um væga árekstra er að ræða.

Álit.

Líkamstjón af völdum skráningarskyldra ökutækja bætast samkvæmt reglum skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Almennt ber tjónþoli sönnunarbyrði um að hann hafi orðið fyrir tjóni sem og hvert umfang slíks tjóns er.

Í þessu máli er upplýst að M lenti í árekstri sem leiddi til viðgerða á bifreið hennar. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af V, en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstrursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. Nefndin telur ekki nauðsynlegt að afla frekari gagna um greiðslur til aðila vegna þessa sönnunargagns eða annarra.

M leitaði til læknis tveimur dögum eftir árekstur og lýsing einkenna þá og í beiðni um sjúkraþjálfun rétt eftir það vísar til nokkuð almennra einkenna. Miðað við þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu er ekki ljóst hvort einkenni M tengist fyrra heilsufari hennar eða árekstrinum sem hér er til umfjöllunar. Þá liggur ekki fyrir læknisvottorð frá sérfræðingum eða álits- eða matsgerð hæfra og óvilhallra manna um líkamstjón M af völdum þessa.

Meginreglur um sönnun í skaðabóta- og vátryggingarétti gera ráð fyrir því að tjónþoli verði að sýna fram á tjón sitt og leggja fram fullnægjandi gögn því til sönnunar. Verður M að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem að ofan er lýst. Að teknu tilliti til þess verður að telja að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna áreksturs 19. júlí 2021.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækisins X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir